

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1237/2007

2010/EES/6/59

frá 23. október 2007

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 og ákvörðun 2006/696/EB að því er varðar setningu eggja úr hópum varphæna, sem eru smitaðir af salmonellu, á markað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn *salmonella* og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 5. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽²⁾, einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er mælt fyrir um reglur til að tryggja að gripið sé til réttra og skilvirkra ráðstafana til að greina og verjast salmonellu og öðrum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, sem skipta máli, einkum á frumframleiðslustiginu, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri áhættu sem stöðjar að lýðheilsu vegna þeirra.
- 2) Samkvæmt II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 2160/2003, sem öðlast gildi 72 mánuðum eftir gildistökudag þeirrar reglugerðar, má því aðeins nota egg beint til manneldis sem mataregg ef þau eru úr hópi varphæna sem fellur undir varnaráætlun viðkomandi lands og sætir ekki opinberum takmörkunum.
- 3) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/696/EB frá 28. ágúst 2006 um skrá yfir þriðju lönd þaðan sem leyft er að flytja inn í Bandalagið og flytja í umflutningi gegnum Bandalagið alifugla, útungunaregg, dagsgamla kjúklinga, kjöt af alifuglum, strútfugla og villta veiðifugla, egg og eggjaafurðir og tiltekin egg, sem eru laus við sjúkdómsvalda, og um skilyrði sem gilda um heilbrigðisvottorðs fyrir dýr og dýraafurðir og um breytingu á ákvörðunum 93/342/EBE, 2000/585/EB og 2003/812/EB ⁽³⁾ er mælt fyrir um skilyrði vegna heilbrigðisvottorðs fyrir dýr og dýraafurðir við innflutning í Bandalagið og umflutning um Bandalagið fyrir egg og eggjaafurðir.

- 4) Mikið algengi *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* greindist í hópum varphæna í aðildarríkjunum í rannsókn sem fór fram í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/665/EB frá 22. september 2004 um grunnrannsóknir á algengi salmonellu í hópum varphæna af tegundinni *Gallus gallus* ⁽⁴⁾.

- 5) Samkvæmt skýrslu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um leitni og upptök mannsmitanlegra dýrasjúkdóma, þol gegn sýkingalyfjum og uppkomu sjúkdóma, sem berast með matvælum, í Evrópusambandinu árið 2005 ⁽⁵⁾ eru upptök matarborinnar salmonellusýkingar í mönnum einkum í eggjum og eggjaafurðum. Í þeirri skýrslu kom auk þess fram að *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* voru orsök uppkomu í 88% af þeim tilvikum þar sem sermigerðin var staðfest.

- 6) Vegna mikils algengis *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í tilteknum aðildarríkjum, áhrifa þess á lýðheilsu og tregðu matvælafyrirtækja til að eiga viðskipti með mataregg úr sýktum hópum skal færa fram dagsetninguna þegar takmarkanir á neyslu matareggja öðlast gildi en þó skal veita matvælafyrirtækjum nægan tíma til að fara að nýju skilyrðunum án þess að röskun verði á mörkuðum.

- 7) Ef upptök sýkingar, sem rekja má til matvæla, reynast við faraldsfræðilega rannsókn á matarborinni uppkomu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um eftirlit með dýrasjúkdómum og smitvöldum dýrasjúkdóma, sem berast í fólki, um breytingu á ákvörðun ráðsins 90/424/EBE og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/117/EBE ⁽⁶⁾ hins vegar vera í hópi varphæna skulu takmarkanirnar á notkun matareggja, sem settar eru fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2160/2003, gilda án tafar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 280, 24.10.2007, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33, 25.6.2009, p. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1791/2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55, leiðrétt í Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 295, 25.10.2006, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 303, 30.9.2004, bls. 30.

⁽⁵⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006), 96.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með tilskipun ráðsins 2006/104/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 352).

- 8) Með tilliti til áhættu fyrir lýðheilsu vegna eggja, sem eru sýkt af *salmonellu*, skal mæla fyrir um reglur varðandi merkingu eggja til að tryggja að egg úr hópum, sem sæta takmörkunum innan ramma eftirlitsáætlunar um *salmonellu*, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2160/2003, séu merkt þannig að auðvelt sé að greina þau frá matareggjum áður en þau eru sett á markað.
- 9) Til að koma í veg fyrir falsjávæðar frumniðurstöður skal heimila lögbæra yfirvaldinu að aflétta takmörkunum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. D-hluta II. viðauka við þá reglugerð, ef sýking af völdum *salmonellu* hefur ekki verið staðfest í hópum varphæna þar sem strangri aðferðalýsingu er fylgt.
- 10) Þriðju lönd, sem aðildarríki mega flytja inn egg frá, skulu veita ábyrgðir sem eru sambærilegar þeim sem tíðkast í Bandalaginu og breyta skal fyrirmynd að vottorði fyrir egg, sem sett var fram í ákvörðun 2006/696/EB, til samræmis við það.
- 11) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽¹⁾, einkum 12. gr., er kveðið á um reglur varðandi útflutning eða endurútflutning matvæla og fódurs frá Bandalaginu í því skyni að setja þær vörur á markað í þriðja landi. Þessi ákvæði gilda um mataregg. Til samræmis við það er ekki nauðsynlegt að mæla fyrir um sérstök ákvæði varðandi útflutning á slíkum eggjum í þessari reglugerð.
- 12) Til að forðast röskun í viðskiptum skal leyfa notkun vottorða, sem gefin eru út í samræmi við núverandi fyrirmynd að vottorðum sem sett var fram í ákvörðun 2006/696/EB, í 60 daga eftir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 13) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2160/2003 til samræmis við það.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum II. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Flytja má vörusendingar með eggjum, sem vottorð hafa verið gefin út fyrir í samræmi við ákvörðun 2006/696/EB í þeirri útgáfu sem gildi fyrir 1. nóvember 2007, inn í Bandalagið í 60 daga eftir þá dagsetningu.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal gilda:

- frá 1. nóvember 2007 ef *Salmonella* spp. hefur greinst í hópi varphæna og reynist við faraldsfræðilega rannsókn á matarbornum tilvikum í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2003/99/EB vera orsök sýkingar í mönnum við neyslu eggja eða eggjaafurða,
- eigi síðar en frá 1. janúar 2009 fyrir alla aðra hópa varphæna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. október 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 (Stjórnartíð. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).

I. VIÐAUKI

Í stað D-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2160/2003 komi eftirfarandi:

„D. Sérstækar kröfur varðandi hópa varphæna

1. Ekki skal nota egg beint til manneldis sem mataregg nema þau séu úr hópi varphæna sem fellur undir landsbundna eftirlitsáætlun, sem komið er á fót skv. 5. gr., og sætir ekki opinberri takmörkun.
2. Egg, sem eru úr hópum með óþekkt heilbrigðisástand og sem grunur leikur á að séu sýktir eða eru sýktir af sermigerðum salmonellu, þar sem sett hafa verið fram markmið um að draga úr algengi, eða sem hafa verið greindir sem orsök sýkingar í tiltekinni, matarborinni uppkomu, má einungis nota til neyslu ef þau eru meðhöndluð þannig að tryggt sé að öllum sermigerðum salmonellu, sem hafa þýðingu fyrir lýðheilsu, sé eytt í samræmi við löggjöf Bandalagsins um hollustuhætti í tengslum við matvæli.

Egg, sem eru úr hópum með óþekkt heilbrigðisástand og sem grunur leikur á að séu sýktir eða eru sýktir af sermigerðum salmonellu þar sem markmið hafa verið sett um að draga úr algengi eða sem hafa verið greindir sem orsök sýkingar í tiltekinni, matarborinni uppkomu, skulu:

- a) teljast egg í B-flokki eins og skilgreint er í 4. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 557/2007 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1028/2006 um markaðsstaðla fyrir egg ⁽¹⁾,
 - b) merkt með merki sem kveðið er á um í 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 557/2007 sem greinir þau á skýran hátt frá eggjum í A-flokki áður en þau eru sett á markað,
 - c) ekki vera tekin inn í þökkunarstöðvar nema lögbæra yfirvaldinu þyki ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega víxlmengun við egg úr öðrum hópum vera fullnægjandi.
3. Þegar fuglum úr sýktum hópum er slátrað eða eytt skal gera ráðstafanir til að draga eins og framast er kostur úr áhættunni á því að mannsmitanlegir dýrasjúkdómar breiðist út. Slátrun skal fara fram í samræmi við löggjöf Bandalagsins um hollustuhætti í tengslum við matvæli. Heimilt er að setja afurðir af slíkum fuglum á markað til manneldis í samræmi við löggjöf Bandalagsins um hollustuhætti í tengslum við matvæli og við E-hluta þegar hann hefur tekið gildi. Ef slíkar afurðir eru ekki ætlaðar til manneldis verður að nota þær eða farga þeim í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1774/2002.
 4. Til að koma í veg fyrir falsjákvæðar niðurstöður má lögbæra yfirvaldið aflétta takmörkunum sem mælt er fyrir um í 2. lið þessa hluta:
 - a) ef upptök sýkingar í mönnum, sem neyta eggja eða eggjaafurða, reynist ekki við faraldsfræðilega rannsókn á matarbornum uppkomum, í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2003/99/EB, vera í hópum varphæna og
 - b) ef hópurinn fellur undir eftirlitsáætlun viðkomandi lands sem komið er á fót skv. 5. gr. og sermigerðir salmonellu, þar sem markmið hefur verið sett um að draga úr algengi, hafa ekki verið staðfestar með neinni af eftirfarandi aðferðalýsingum við sýnatöku sem lögbæra yfirvaldið notar:
 - i. tækniforskriftinni, sem um getur í 5. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/665/EB (sjö sýni); hins vegar þarf að taka 25 gramma undirsýni af hverju saursýni og ryksýni til greiningar; rannsaka skal öll sýni hvert um sig
 - eða
 - ii bakteríufræðileg rannsókn á botnlanga og eggjaleiðurum 300 fugla,
 - eða
 - iii bakteríufræðileg rannsókn á skurni og á innihaldi 4 000 eggja úr hverjum hópi í safnsýnum sem í eru að hámarki 40 egg.

Lögbært yfirvald skal, auk þess að annast sýnatökuna í b-lið, ganga úr skugga um að ekki sé notað örverueyðandi efni sem hugsanlega getur haft áhrif á niðurstöður úr greiningu sýnanna.

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 132, 24.5.2007, bls. 5.“

II. VIÐAUKI

Í 2. hluta við II. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB komi eftirfarandi fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir egg (E) í stað þeirrar sem þar er:

„Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir egg (E)

LAND

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti Upplýsingar um sendinguna	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanúmer:		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a.			
			I.3. Lögbært stjórnvald					
			I.4. Lögbært staðaryfirvald					
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanúmer:		I.6.					
	I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunahérað	Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði	I.10. Viðtökuhérað	Kóði
	I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer		I.12.			
	I.13. Fermingarstaður		I.14. Brottfarardagur					
	I.15. Flutningatæki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki á vegum <input type="checkbox"/> Önnur <input type="checkbox"/> Auðkenni Tilvísun í skjöl:		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB					
			I.17.					
	I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-kóði) 04.07		I.20. Magn	
I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kældar <input type="checkbox"/> Frystar <input type="checkbox"/>						I.22. Fjöldi pakkninga		
I.23. Auðkenni gáms/innsigli snúmer				I.24. Tegund umbúða				
I.25. Vörur sem eru vottaðar : til manneldis <input type="checkbox"/>								
I.26.		I.27. til innflutnings eða inntöku í ESB <input type="checkbox"/>						
I.28. Auðkenning vörunnar								
Tegund (vísindaheiti)		Framleiðslustöð		Samþykkisnúmer starfsstöðva		Kæligeymsla		
				Fjöldi pakkninga		Nettóþyngd		

E (Egg)

	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
II. hluti: Vottorð	II.1. Heilbrigðisvottun		
	<p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður, lýsi því yfir að mér er kunnugt um þau ákvæði reglugerða (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 2160/2003, sem skipta máli, og votta að egg, sem lýst er í þessu vottorði, hafa verið framleidd í samræmi við kröfurnar í þeim, og einkum að:</p> <p>II.1.1. þau séu frá starfsstöð eða starfsstöðvum sem beita áætlun sem byggist á meginreglum GáHMSS-kerfisins í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004,</p> <p>II.1.2. þau hafi verið geymd, flutt og afgreidd í samræmi við viðeigandi skilyrði sem mælt er fyrir um í X. þætti I. kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,</p> <p>(¹)II.1.3. þau uppfylli kröfurnar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1688/2005 frá 14. október 2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar sérstakar ábyrgðir varðandi salmonellu vegna sendinga af tilteknum tegundum kjöts og eggja til Finnlands og Svíþjóðar,</p> <p>II.1.4. þær ábyrgðir, sem ná yfir lifandi dýr og afurðir úr þeim, sem kveðið er á um í áætlunum varðandi leifar sem lagðar eru fram í samræmi við tilskipun 96/23/EB, einkum 29. gr., séu uppfylltar.</p> <p>(²)II.1.5. þær uppfylli kröfurnar í 6. mgr. 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn <i>salmonellu</i> og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum. Þetta gildir einkum um eftirfarandi:</p> <p>Ekki má flytja inn egg úr hópum varphæna sem hafa verið greindir með <i>Salmonella spp.</i> við faraldsfræðilegar rannsóknir á matarbornum uppkomum eða ef engar sambærilegar ábyrgðir hafa verið veittar.</p> <p>[Frá og með 1. janúar 2009 má ekki flytja inn egg úr hópum varphæna sem hafa óþekkt heilbrigðisástand og sem grunur leikur á að séu sýktir eða úr hópum sem eru sýktir af <i>Salmonella spp.</i> þar sem markmið hafa verið sett í löggjöf Bandalagins um að draga úr algengi (³) og þar sem ekki er viðhöfð vöktun sem er sambærileg þeirri sem mælt er fyrir um í ákvæðum viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1168/2006, eða ef engar sambærilegar ábyrgðir hafa verið veittar.]</p> <p><i>Athugasemdir</i></p> <p>I. hluti</p> <p>Reitur I.8: Tilgreinið kóðann fyrir upprunahérað, ef nauðsyn krefur, eins og skilgreint er undir kóða upprunasvæðis í dálki 2, 1. hluta II. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB [eins og henni var síðast breytt].</p> <p>Reitur I.11: Heiti, heimilisfang og samþykkisnúmer afgreiðslustöðvarinnar.</p> <p>Reitur I.15: Tilgreinið skráningarnúmer járnbrautarvagna eða vöruflutningabíreiða, heiti skips og flugnúmer flugvélar, ef það er þekkt. Ef um er að ræða flutning í gámum eða kössum skal tilgreina heildarfjölda þeirra, skráningarnúmer og innsiglisnúmer, eftir því sem við á, í reit I.23.</p> <p>II. hluti:</p> <p>(¹) Strikið yfir ef vörusendingin er ekki ætluð til útflutnings til Svíþjóðar eða Finnlands.</p> <p>(²) Gildir aðeins um innflutning á eggjum í A-flokki í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1028/2006. Strikið yfir það sem á ekki við.</p> <p>(³) <i>Salmonella enteritidis</i> og <i>Salmonella typhimurium</i></p>		
	<p>Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður</p> <p>Nafn (með hástöfum): Lögbært staðaryfirvald Dagsetning: Stimpill</p> <p>Menntun, hæfi og titill Undirskrift“</p>		